

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1974

31. desember 1974.

867

Nr. 392.

REGLUGERÐ

um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva þorskfiskneta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 7 þumlunga (177.8 mm) breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal á tímabilinu 1. júlí til 31. janúar vera heimilt að nota þorskfisknet þar sem lágmarksstærð möskva er slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 5½ þumlunga (139.7 mm) breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

3. gr.

Öll þorskfisknet skulu tryggilega merkt því skipi, sem notar þau, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 357 21. nóvember 1974 um merkingu þorskfiskneta.

4. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum geta sérstakir eftirlitsmenn, sem hafa skulu í fórum sínum persónuskilríki útgefin af ráðuneyti, haft eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á netum skipsins, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar, enda valdi eftirlitið sem minnstri truflun og óþægindum.

5. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að óðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 308 2. nóvember 1973, um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.